



UST

Umhverfisstofnun

Environment and Food Agency of Iceland

☒ Suðurlandsbraut 24
IS-108 Reykjavík, Iceland

☎ (+354) 591 2000

Fax (+354) 591 2010

umhverfisstofnun@ust.is

www.umhverfisstofnun.is

Akureyrarkaupstaður
Geislagötu 9
600 Akureyri

Reykjavík, 20. febrúar 2007

Tilvísun: UST20070200128/sf

Breyting á deiliskipulagi athafnasvæðis í Krossaneshaga, A áfangi

Auglýst hefur verið breyting á deiliskipulagi athafnasvæðis í Krossaneshaga í Akureyrarbæ, A áfangi. Umhverfisstofnun vill koma eftirfarandi athugasemdum á framfæri.

Í greinargerð með deiliskipulaginu segir m.a. að Krossanesborgir njóti hverfisverndar vegna náttúrufars og séu á náttúruminjaskrá (sjá kafla 3.1).

Umhverfisstofnun vekur athygli á að hluti Krossanesborga var friðlýstur sem fólkvangur árið 2005, sbr. auglýsingu nr. 162/2005 í Stjórnartíðindum B. Í auglýsingunni kemur fram að markmiðið með friðlýsingunni er að vernda svæðið til útivistar almennings, náttúruskoðunar og fræðslu. Með friðlýsingunni er auk þess verndaður mikilvægur varpstaður fjölda fuglategunda, búsvæði sjaldgæfra plöntutegunda og sérstæðar jarðmyndanir og þannig stuðlað að varðveislu líffræðilegrar og jarðfræðilegrar fjölbreytni. Samkvæmt friðlýsingarskilmálum er mannvirkjagerð og aðrar breytingar á landi innan fólkvangsins háðar leyfi bæjarstjórnar Akureyrar og Umhverfisstofnunar.

Samkvæmt deiliskipulaginu er gert ráð fyrir aðstöðulóð í tengslum við áningarstað „þar sem hægt er að komast í nálægð við náttúrufegurð Krossanesborga beint á móti tengingu Baldursness við Óðinsnes.“ Áningarstaðurinn er tengdur með u.þ.b. 90 m löngum vegkarkafla með snúningshaus og bílastæðum. Fram kemur í greinargerð að heildarbyggingarmagn á aðstöðulóð megi ekki fara yfir 60 m². Samkvæmt skipulagsupprættinum er gert ráð fyrir göngustíg frá áningarstaðnum inn í fólkvanginn.

Umhverfisstofnun gerði að beiðni Akureyrarbæjar óformlegar athugasemdir við tillögur um áningarstað við mörk fólkvangsins í Krossanesborgum með tölvupósti þann 8. febrúar sl. Á þeim teikningum sem þær athugasemdir miðuðust var m.a. gert ráð fyrir vatnsfarvegi innan fólkvangsins. Athugasemdir Umhverfisstofnunar lutu að eftirtöldum atriðum:

1. Hætta væri á að mengun bærst í Hundatjörn þar sem vatnsrásinni hallaði í átt að tjörninni, en friðlýsing Krossanesborga gengi m.a. út á að vernda varpstaði fugla. Það væri því vafasamt fordæmi að beina „mengunarvatnsrás“ inn á friðland og óbeint í sérverndaða tjörn jafnvel þó að gerð yrði sérstök settjörn/oliugildra.


2. Samkvæmt reglum friðlandsins er umferð fólks takmörkuð á þremur svæðum á varptíma, þ.e. á tímabilinu 1. maí til 1. júlí, og er Hundatjörn eitt þeirra. Því væri enn meiri ástæða til að fara varlega hvað það svæði varðar.

3. Varðandi bætt aðgengi teldi Umhverfisstofnun það spennandi kost að setja upp fuglaskoðunarskýli, en hafa yrði í huga ofangreinda reglu um takmarkaða umferð. Við uppsetningu á skýli yrði að tryggja að hægt væri að fara í það án þess að fólk sæist svo að engin truflun hlytist af því.


Samkvæmt upplýsingum frá Akureyrarbæ var í framhaldi af framangreindum athugasemdum hætt við að vatnsrásina vestan áningastaðarins og verður vatnið þess í stað tekið beint í gegnum veginn austur eftir.

Umhverfisstofnun telur að ekki eigi að ráðast í neinar þær framkvæmdir sem ógnað geta því lífríki sem ætlunin er að vernda með friðlýsingu Krossanesborga. Stofnunin telur að gerð áningarstaðar sem slíks samræmist vel því markmiði að auðvelda aðgengi almennings að svæðinu enda er það friðlýst sem fólkvangur. Hins vegar virðist sem staðsetning áningarstaðarins skv. deiliskipulaginu sé ekki mjög heppileg vegna nálægðar við það svæði sem takmarka á umferð um á ákveðnu tímabili skv. reglum um friðlandið. Það gæti því orðið erfiðara að halda svæðinu lokuðu á varptíma vegna nálægðar við áningarstaðinn. Þá vekur stofnunin athygli á að ekki er ljóst hvert göngustígur frá áningarstaðnum á að liggja, enda aðeins lítill bútur af honum sýndur á deiliskipulagsupprættinum. Þar með er t.d. ekki ljóst hvort stígurinn liggur of nálægt Hundatjörn. Umhverfisstofnun telur að réttara væri að gert yrði deiliskipulag sem tæki til áningarstaðarins og göngustígagerðar og annarrar hugsanlegrar mannvirkjagerðar innan fólkvangsins þannig að gera megi skipulag fyrir svæðið í heild sinni. Að öðrum kosti sé erfitt að meta hugsanleg áhrif framkvæmda á lífríki svæðisins og hvernig framkvæmdirnar samræmast markmiðum friðlýsingarinnar.

Virðingarfyllst,



Helgi Jónsson
forstöðumaður



Sigrós Friðriksdóttir
Fagstjóri

Afrit: Skipulagsstofnun.